

## FS: Umhverfis - og framkvæmdaráð.

**Til** : Hugrún Hjálmarsdóttir <hugrun.hjalmarsdottir@mulathing.is>  
**Frá** : Múlaþing <mulathing@mulathing.is>  
**CC** : Sóley Valdimarsdóttir <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>  
**Heiti** : FS: Umhverfis - og framkvæmdaráð.  
**Málsnúmer** : 202210044  
**Málsaðili** : Ásta Steingerður Geirsdóttir  
**Skráð dags** : 07.10.2022 08:06:37  
**Höfundur** : Múlaþing <mulathing@mulathing.is>

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)



---

**Frá:** Ásta Steingerður Geirsdóttir

**Sent:** 6. október 2022 13:46

**Til:** Múlaþing

**Efni:** Umhverfis - og framkvæmdaráð.

Góðan dag.

Ég er búsett í Steinholti, Borgarfirði, við aðalgötu þorpsins.  
Hreppsskrifstofan.)

(Handan götunnar er

Þannig er mál með vexti að nefnd gata stendur talsvert hærra en lóð hússins, á henni er enginn kantur (hefur ekki verið til margra ára) og þ.a.l. allt vatn sem á hana fellur, rennur beint niður að húsinu.

Það er oft mikill vatnsgur og mikið vatnsmagn sem við fáum inn á lóðina.

Undangengin ár þegar mikið hefur rignt hefur lekið inn í kjallara hússins, (herbergi og búr) frá þeirri hlið sem að þessari götu snýr. Við eigendur töldum sökudólginn að mestu lélegt dren kringum húsið.

Það er svo á liðnu sumri að ráðist var í framkvæmdir, gamla drenið grafið upp og nýju plantað niður. Allt var þetta gert eftir kúnstarinnar reglum, öllum uppgreftri ekið burt, fyrsta flokks drenmöl notuð, sökkull einangraður og klætt með plastdúk. Einnig var notaður jarðvegsdúk til að fyrirbyggja að sandur setjist í rifur röranna.

En, Adam var ekki lengi í paradís.

Nú í síðustu rigningu flæddi inn í áðurnefnd herbergi í kjallara.

Þar sem nýtt dren er nú við húsið

leiði ég að s.s. hugann að öllu því vatni sem kemur hér inn á lóðina og safnast fyrir í jarðvegi og undir húsinu.

Það er alltaf skaði þegar lekur inn í hús. Þar sem ekki verður búið í húsinu í vetur, er ég að s.s. áhyggjufull.

Það er mín von að þetta mál verði tekið til alvarlegrar athugunar.

Virðingarfyllst.

Ásta Steingerður Geirsdóttir.

160753 5289